



Ytra mat

Leikskólinn Laufskálar

Úttekt þessi er unnin á vegum Menntamálastofnunar –
fyrir mennta- og menningarmálaráðuneytið.

Höfundar: Guðrún Samúelsdóttir og Inga Dóra Jónsdóttir
© Menntamálastofnun, 2020
ISBN 978-9979-0-2602-0

Efnisyfirlit

Samantekt niðurstaðna	5
Inngangur	7
Markmið og tilgangur	7
Gagnaöflun	7
Leikskólinn og umhverfi hans	9
Leikskólinn	9
Starfsmenn.	9
Húsnæði og útileiksvæði	9
Hugmyndafræði og áherslur	9
Stjórnun	11
Stjórnskipulag og skipurit.	11
Námskrá og áætlanir	11
Stjórnun og starfsmenn	11
Fagleg forysta	12
Starfsandi og starfsánægja	13
Uppeldis- og menntastarf	15
Námsaðstæður	15
Starfshættir	15
Lýðræði, jafnrétti og þátttaka barna	16
Námssvið.	17
Velferð og líðan barna.	17
Mat á námi og velferð barna	18
Foreldrasamvinna og ytri tengsl	20
Þátttaka foreldra og upplýsingamiðlun	20
Viðhorf foreldra	20
Samstarf við grunnskóla	20
Annað samstarf	21
Skóli án aðgreiningar	22
Skólaþjónusta og sérkennsla	22
Börn með annað móðurmál en íslensku	22
Innra mat	24
Skipulag og viðfangsefni	24
Gagnaöflun og vinnubrögð	24
Opinber birting og umbætur	24
Samantekt matsþátta.	26
Samantekt.	27
Lokaorð	30
Heimildir.	31

Samantekt niðurstaðna

Þessi samantekt styrkleika og tækifæra til umbóta er einungis hluti af því sem fram kemur í lok hvers kafla í skýrslunni. Við gerð umbótaáætlunar þarf skólinn og skólanefnd einnig að taka tillit til þeirra tækifæra til umbóta sem settar eru fram í skýrslunni en eru ekki nefnd hér.

Leikskólinn og umhverfi hans

Húsnæði Laufskála er fallett, snyrtilegt og vel skipulagt. Leikskólalóðin liggur meðfram þremur hliðum skólahússins. Að mestu leyti er aðeins sá hluti sem liggur meðfram húsinu nýttur en sá hluti er afgirtur og þar er úrval leiktækja. Því þarf að leita leiða til að nýta lóðina betur. Í Laufskálum er áherslan á leiklist, lýðræði og samskipti. Stefna skólans er skýrt sett fram í skólanámskrá, markvisst er unnið eftir henni og hún sýnileg í starfinu. Leikskólinn uppfyllir ekki ákvæði laga nr.95/2019 um menntun og ráðningu kennara og skólastjórnenda við leikskóla, grunnskóla og framhaldsskóla og því þarf áfram að leita leiða til að ráða leikskólakennara til starfa. Einkunnarorð leikskólans eru *Opinn hugur, nærgætni, virðing, jákvæðni, gleði og virk hlustun*. Einkunnarorð eru ekki sýnileg í leikskólanum nema utan frá á gluggafilmum og almennt gat starfsfólk ekki nefnt þau. Því þarf að gera einkunnarorð leikskólans sýnilegri.

Stjórnun – Skólabragur og samskipti

Leikskólastjóri og aðstoðarleikskólastjóri hafa stýrt skólanum síðan 2011. Verkaskiptingu telja þeir skýra en hún er ekki skrifleg. Stjórnendur eru sýnilegir í starfi og aðgengi að þeim gott. Til fyrirmyndar er hvernig leikskólastjóri tekur á móti nýjum börnum og foreldrum, hann gefur sér góðan tíma til að kynna starf leikskólans. Skólabragur og starfsandi er góður og einkennist af trausti, gagnkvæmri virðingu og vellíðan í starfi. Reykjavíkurborg hefur sett sér menntastefnu til ársins 2030. Almennt þekktu starfsmenn skólans ekki til menntastefnunnar og þarf því að kynna hana fyrir starfsmönnum og tengja við starfið. Komið er að endurmati á skólanámskrá og tryggja þarf aðkomu allra í leikskólasamfélaginu að þeirri vinnu. Starfsmannahandbók er á hverri deild, ítarlegt rit sem inniheldur sameiginlegar starfsreglur og upplýsingar. Stjórnendafundir, deildarfundir og starfsmannafundir eru haldnir reglulega. Fram kom gagnrýni á að deildarfundir falli oft niður og að of margir sitji stjórnendafundi og þeir séu gjarnan of langir. Þetta valdi álagi í starfinu á deildum. Gæta þarf þess að undirbúningstímar falli ekki niður. Vinna ætti símenntunaráætlun sem endurspeglar stefnu og þarfir leikskólans og nær til allra starfsmanna. Meirihluti foreldra er ánægður með stjórnun leikskólans, samskipti og viðmót starfsmanna. Þeir telja að stjórnendur leggi sig fram við að vera sýnilegir í daglegu starfi.

Uppeldis- og menntastarf – Velferð og líðan barna – Mat á námi og velferð barna

Virðing, umhyggja og uppbyggjandi samskipti eru einkennandi milli starfsfólk og barna. Stefna leikskólans er skýr og birtist í starfinu en það er leiklist, agastefna Laufskála og *Lubbi finnur málbein*. Dagskipulag einkennist af frjálsum leik og hópastarfi og er það sameiginlegt fyrir allan skólann. Hver deild fyrir sig skipuleggur svo deildarstarf og hópastarf á sinni deild. Allt starfsfólk er meðvitað um agastefnuna og hvernig bregðast á við erfiðri hegðun barna. Sýnilegt er að börnunum líður vel og samskiptin eru góð. Vel er unnið með lýðræði, jafnrétti og þátttöku barnanna og birtist það meðal annar í því að börnin á tveimur elstu deildunum gera sína eigin námskrá að hausti þar sem þau koma með hugmyndir sínar um það hvað þau vilja gera yfir veturinn og hvert er þeirra áhugasvið. Námskráin er síðan sett myndrænt upp fyrir börnin. Í leiklistinni er lögð áhersla á að börnin fái tækifæri til að koma fram og njóta sín í hlutverkum og í eigin persónu en mikil áhersla er lögð á það að þau komi fram fyrir hóp og segi frá. Í þessu sambandi má nefna verkefnið *Sýna og sjá*. Sérstakur verkefnastjóri er í leiklist en börnin í þremur elstu árgöngunum fara einu sinni í viku í litlum hópum í leiklist. Í málrækt er unnið með *Lubbi finnur málbein*. Tækifæri felast í því að leita leiða til að gera mat á námi barna fjölbreyttara og samræma það innan leikskólans, jafnframt að leita leiða til að foreldrar komi að mati á námi og framförum barna sinna.

Foreldrasamvinna og ytri tengsl

Í tengslum við ytra mat gerði MMS foreldrakönnun í leikskólanum í september 2020. Tæplega 100% svarenda eru ánægðir með leikskólann, þeir þekkja stefnu hans og eru ánægðir með hana og finnst viðfangsefni áhugaverð. Meiri hluti foreldra telja að börnunum líði vel í leikskólanum og þeir eru öruggir með börnin sín þar og finnst þau samlagist barnahópnum. Komið er til móts við þarfir barnanna og lögð áhersla á að efla sjálfstraust þeirra. Einnig kom fram að tæplega 100% foreldra eru ánægð með samskipti og viðmót starfsfólks. Foreldraráð er starfandi við leikskólann. Foreldraráð hefur ekki gert starfsáætlun eða vinnureglur og fundargerðir eru ekki birtar opinberlega. Foreldrafélag er virkt og styður það vel við starf leikskólans. Að hausti er gerð áætlun um samstarf leikskólans, Rimaskóla og leikskólanna Lyngheima og Fífuborgar.

Skóli án aðgreiningar

Sérkennslustjóri er starfandi við leikskólann og heldur hann utan um vinnuna með sérkennslubörnin. Gerðar eru einstaklingsnámskrár fyrir sérkennslubörnin og teymi skipuð í kringum þau. Lögð er áhersla á að stuðningur við börn fari sem mest fram í daglegu starfi á deildinni og stuðningsaðilinn er starfsmaður deildarinnar. Allt starfsfólk er upplýst um þroskafrávik barnsins. Leikskólinn er vel búinn þjálfunargögnum og eitt herbergi er sérstaklega ætlað fyrir sérkennslu. Gott samstarf er við þjónustumiðstöð Grafavogs í Miðgarði og haldnir eru reglulegir fundir með sérfræðingum þaðan, auk þess er alltaf hægt að sækja ráðgjöf þangað. Ekki hefur verið gerð sérstök móttökuáætlun fyrir börn með annað móðurmál en íslensku en stuðst er við sömu verkferla og í aðlögun nýrra barna. Boðið er upp á túlkþjónustu á fundum þegar þess er þörf en starfsfólk hefur verið hugmyndaríkt í að finna leiðir í samskiptum dags daglega.

Innra mat

Matsteymi er myndað af stjórnendum og ákveða þeir hvað á að meta á komandi ári. Matið fer ekki fram kerfisbundið og byggir aðalega á umræðum sem fram fara á deildar- og starfsmannafundum. Gert er deildarmat fyrir hverja deild og í starfsáætlun er því gerð skil. Börnin taka þátt í mati undir stjórn leikskólastjóra. Tækifæri felast í því að gera matsáætlun til 3–5 ára með aðkomu allra aðila leikskólans, starfsmanna, foreldra, barna og matsteymis. Meta skal stefnu leikskólans og markmið markvisst og reglubundið og skilgreina viðmið um gæði og árangur. Nýta ætti kannanir SFS markvisst í innra mat. Kynna skal niðurstöður innra mats starfsmönnum, foreldrum og börnum. Einnig skal gera nákvæma umbótaáætlun út frá helstu tækifærum til umbóta. Þar þarf að koma fram til hvaða aðgerða á að grípa og hvenær. Hvernig endurmat eigi að fara fram og hver beri ábyrgð á að hrinda umbótum í framkvæmd. Birta ætti umbótaáætlunina opinberlega svo sem á heimasíðu.

Inngangur

Í þessari matskýrslu er fjallað um ytra mat á leikskólanum Laufskálum Reykjavík. Matið er gert á grundvelli 17. gr. laga um leikskóla nr. 90/2008. Matið var framkvæmt af Guðrúnu Samúelsdóttur og Ingu Dóru Jónsdóttur og fór fram á vettvangi 14.–17. september 2020. Áður hafði farið fram gagnaöflun og undirbúningur. Teknir voru fyrir eftirfarandi matsþættir: leikskólinn og umhverfi hans, stjórnun, uppeldis- og menntastarf, skólabragur og samskipti, foreldrasamstarf og ytri tengsl, sérfræðiþjónusta og sérkennsla og innra mat.

Markmið og tilgangur

Markmið mats og eftirlits með gæðum starfs í leikskólum er samkvæmt 17. grein laga um leikskóla nr. 90/2008:

1. að veita upplýsingar um skólastarf, árangur þess og þróun til fræðsluyfirvalda, starfsmanna leikskóla, viðtökuskóla og foreldra.
2. að starfsemi skóla sé í samræmi við ákvæði laga, reglugerða og aðalnámskrá leikskóla.
3. að auka gæði náms og leikskólastarfs og stuðla að umbótum.
4. að tryggja að réttindi barna séu virt og að þau fái þá þjónustu sem þau eiga rétt á samkvæmt lögum.¹

Með ytra mati er unnið að öllum þessum markmiðum og sérstök áhersla lögð á að efla og styðja innra mat og gæðastjórnun leikskóla, styðja við leikskólastjórnendur og leikskólakennara í umbótum á eigin starfi, hvetja leikskólakennara til að vinna saman að því að bæta eigin starfshætti og vera leikskólum hvati til frekari skólaþróunar. Grundvöllur ytra mats eru leiðbeiningar mennta- og menningarmálaráðuneytis um ytra mat leikskóla. Við matið eru notuð viðmið um gæðastarf á leikskólum, sem unnin hafa verið upp úr viðmiðum og vísbendingum fyrir innra og ytra mat á gæðum leikskólastarfs Reykjavíkurborgar. Viðmiðin eru byggð á lögum og reglugerðum um leikskólastarf og aðalnámskrá leikskóla og eru áherslur Kennarasambands Íslands hafðar til hliðsjónar.

Gagnaöflun

Matsaðilar byrjuðu á að afla sér upplýsinga um leikskólann áður en farið var í vettvangsathuganir og viðtöl. Kallað var eftir ýmsum gögnum sem varpað gætu ljósi á leikskólastarfið, ýmist á prentuðu máli eða á rafrænu formi.² Kynning á forsendum og matsframkvæmd var send leikskólastjóra annan september á rafrænu formi. Leikskólastjóra var falið að sjá til þess að starfsmenn og foreldrar hefðu tækifæri til að nálgast þessi gögn og koma spurningum eða athugasemdum á framfæri við úttektaraðila. Matsmenn dvöldu fjóra daga á vettvangi og gerðu vettvangsathuganir á öllum deildum leikskólans. Tekin voru rýnivíðtöl við deildarstjóra, leikskólakennara, starfsmenn og börn. Einstaklingsviðtal var tekið við leikskólastjóra, aðstoðarleikskólastjóra og sérkennslustjóra og haft var samband við aðstoðarmann skrifstofustjóra leikskólahluta á fagskrifstofu Skóla- og frístundarsviðs Reykjavíkur. Þátttakendur í rýnihópum voru valdir með slembiúrtaki. Vegna sóttvarnareglna í tengslum við Covid-19 var ekki hægt að hafa rýnihóp foreldra. Menntamálastofnun gerði foreldrakönnun í tengslum við ytra mat leikskólans með því að senda spurningalista til foreldra í september 2020. Fimmtíu og fjórir foreldrar svöruðu eða um 65% foreldra.

Fylgst var með uppeldi, kennslu- og starfsháttum, leik og námi, velferð og líðan barna, faglegu starfi og skipulagi náms og námsaðstæðna í leikskólanum. Matsmenn fylltu út gátlista fyrir vettvangsathugun á deild og gáfu einkunn fyrir vísbendingar um gæðastarf sem myndar grunn að heildarmati og gefur

1 Lög um leikskóla nr. 90/2008.

2 Skólanámskrá og starfsáætlun og greinargerðir um innra mat, umbótaáætlun og matsáætlun, dagskipulag, símenntunaráætlun, niðurstöður ytra mats sveitarfélaga og/eð2.a mennta-menningarmálaráðuneytis. Önnur gögn sem skólinn lagði fram.

mynd af leikskólastarfi á þeim meginþáttum sem viðmiðin ná til.³ Matsmenn fóru einstaklingslega yfir þau gögn sem aflað var fyrir fram að lokinni leikskólaheimsókn, unnu saman að úrvinnslu gagna og komust að sameiginlegum niðurstöðum varðandi þá þætti sem metnir voru. Skýrslan var send leikskólastjóra og skrifstofustjóra leikskólahluta fagskrifstofu Skóla- og frístundasviðs til yfirlestrar.

Hafa ber í huga að þær gagnaöflunarleiðir sem stuðst er við, það er viðtöl og vettvangsathuganir eru þess eðlis að niðurstöðurnar hafa takmarkað alhæfingargildi en gefa góðar vísbendingar um það starf sem fram fer í leikskólanum.

3 Sjá nánar í lok skýrslunnar.

Leikskólinn og umhverfi hans

Leikskólinn

Leikskólinn Laufskálar er fjöggra deilda leikskóli sem er staðsettur við Laufríma 9 í Grafarvogi. Leikskólinn tók til starfa 25. mars 1996. Stefna leikskólans er að hafa deildirnar sem aldurhreinastar og fyrir hvert skólaár flytja börn og starfsfólk saman upp á milli deilda eins og kostur er. Á Birkilundi eru 1–2 ára börn, á Grenilundi eru 2–3 ára börn, á Lerkilundi eru 3–4 ára börn. Furulundur er eina deildin þar sem öll börnin eru fædd á sama ári en það eru elstu börnin.

Í september 2020 dvelja 83 börn í Laufskálum, 45 stúlkur og 38 drengir. Heildartala barna eftir deildum er: á elstu deild eru 19 börn 5 ára, 17 börn eru 4ra ára, 24 börn eru 3ja ára, 19 börn eru 2ja ára og 4 börn eru 1 árs. Fjögur börn eru með skilgreinda sérkennslu og 19 börn eru með annað móðurmál en íslensku. Í Laufskálum er boðið upp á hollar og næringaríkar máltíðir sem unnar eru frá grunni í eldhúsi leikskólans. Leikskólinn er opinn frá klukkan 7:30–16:30.

Starfsmenn

Við leikskólann starfa 26 starfsmenn í 24 stöðugildum, Tveir karlmenn og 24 konur. Átta stjórnendur eru í Laufskálum, leikskólastjóri, aðstoðarleikskólastjóri, fjórir deildarstjórar, sérkennslustjóri og verkefnastjóri. Leikskólastjóri, aðstoðarleikskólastjóri, sérkennslustjóri, verkefnastjóri og þrjár deildarstjórar eru með leikskólakennaramenntun, þar af eru tveir með meistaraþráðu og einn deildarstjóri er með menntun í mannfræði. Tveir leikskólakennarar án deildarstjórstöðu eru í starfi með börnunum. Tveir starfsmenn eru leikskólaleiðbeinendur A, annar menntaður íþróttافرæðingur og hinn í menntunarfræði. Tólf leiðbeinendur eru án háskólamenntunar. Leikskólinn uppfyllir því ekki ákvæði laga nr. 95/2019 hvað varðar að 2/3 hlutar stöðugilda við kennslu, umönnun og uppeldi barna teljist til stöðugilda kennara. Starfsmenn í eldhúsi eru tveir í 170% starfshlutfalli.

Húsnæði og útileiksvæði

Húsnæði leikskólans er rúmgott, snyrtilegt og fallett. Deildirnar eru fjórar og samanstendur hver þeirra af tveimur leikstofum og hreinlætisaðstöðu. Leikgangur liggur í gegnum húsið og er þar aðstaða til grófhreyfinga, listsköpunar og leiklistar. Einnig er þar bókasafn og matsalur þar sem börnin af tveimur eldri deildum og einn hópur af hvorri yngri deild matast. Sameiginlegur fataklefi er í öðrum enda hússins. Innangengt er af leikgangi á skrifstofu leikskólastjóra, undirbúningsherbergi, kaffistofu, herbergi til sérkennslu og viðtala ásamt eldhúsi og þvottahúsi. Leikstofurnar eru ekki stórar og er því mikilvægt að nýta vel sameiginlegt rými til að skipta upp barnahópnum. Húsnæðið uppfyllir kröfur sem gerðar eru varðandi rými leikskólahúsnæðis í lögum um leikskóla nr. 90/2008 og reglugerð um starfsumhverfi leikskóla nr. 655/2009.

Útileiksvæðið liggur á þrjá vegu meðfram húsinu. Á svæðinu sem liggur samhliða húsinu baka til eru nokkuð fjölbreytt leiktæki. Við gafli hússins er grassvæði og að framanverðu eru rólur. Girðing og hlið aðskilur svæðið samhliða húsinu. Í rýnivíðtali við starfsmenn kom fram að garðurinn sé illa nýttur. Yfirleitt sé aðeins svæðið sem liggur samhliða húsinu nýtt þar sem erfitt sé að hafa yfirsýn yfir aðra hluta garðsins og þeir girtir af.⁴ Nýuppgerpt opið leiksvæði er rétt við leikskólann og einstaklingsbundið hvort það er nýtt fyrir barnahópa.⁵ Í foreldrakönnun taldi mikill meirihluti foreldra aðbúnað barna í leikskólunum góðan en þó komu fram athugasemdir um að húsnæði væri of lítið og að útisvæðið of illa nýtt, vanti fleiri leiktæki og nýta þurfi svæðið betur.⁶

Hugmyndafræði og áherslur

Í Laufskálum er áhersla lögð á leiklist, lýðræði og samskipti. Leikskólinn hefur mótað sína hugmyndafræði m.a. út frá meistaraverkefninu Leiklist í leikskóla og sjálfsmynd barna eftir Önnu Báru Sævarsdóttur frá 2014. Þegar kemur að hugmyndafræði og uppeldislegri sýn er horft til Dewey, Vygotsky, Bruner og Gardner.⁷ Í Laufskálum hefur verið sett fram agastefna og starfa allir eftir henni. Þar er notuð

4 Rýnivíðtal við starfsmenn og leikskólakennara.

5 Rýnivíðtal við deildarstjóra.

6 Foreldrakönnun vegna ytra mats í leikskólunum Laufskálar.

7 Skólanámskrá Laufskála.

aðferð sem tryggir að allir kennarar nálgist börnin á sama hátt og að börnin viti hvernig brugðist er við hegðun þeirra. Agastefnan byggir á setningum sem gefa kennurum tækifæri til að koma að hegðunarmótun á virðingarverðan og sanngjarnan hátt.⁸ Á vettvangi og í rýnihópum kom fram að starfsmenn eru mjög meðvitaðir um stefnu leikskólans og í rýnihópum var stefna skólans gjarnan nefnd sem helsti styrkleiki hans. Meirihluti foreldra segist þekkja stefnu leikskólans og eru ánægðir með hana. Foreldrar telja að unnið sé markvisst með stefnu og markmið skólans.⁹

Samkvæmt Skólanámskrá Laufskála eru einkunnarorð leikskólans *Opinn hugur, nærgætni virðing, jákvæðni, gleði og virk hlustun*. Á vettvangi sáu matsmenn að einkennisorðin eru sýnileg í glugga-filmum utan frá en ekki innanhúss á veggjum skólans. Í rýnihópum áttu flestir erfitt með að nefna einkunnarorð leikskólans.¹⁰

Styrkleikar

- Húsnæðið er rúmgott, snyrtilegt og fallegt og vinnuaðstaða barna og starfsfólks er góð.
- Húsnæði er vel skipulagt.
- Stefna leikskólans er skýrt sett fram í skólanámskrá.
- Starfsmenn og foreldrar þekkja stefnu leikskólans.
- Markvisst er unnið samkvæmt stefnu leikskólans og er hún mjög sýnileg í starfinu.

Tækifæri til umbóta

- Leikskólinn uppfyllir ekki ákvæði laga nr. 95/2019 hvað varðar að 2/3 hlutar stöðugilda við kennslu, umönnun og uppeldi barna teljist til stöðugilda kennara og því þarf áfram að leita leiða til að ráða kennara til starfa.
- Leita þarf leiða til að nýta útileiksvæði leikskólans betur.
- Taka þarf upp umræðu um einkunnarorð leikskólans svo allir séu meðvitaðir um þau og gera þau sýnilegri í leikskólanum.

8 Skólanámskrá Laufskála.

9 Foreldrakönnun vegna ytra mats í leikskólanum Laufskálar.

10 Rýnihópar deildarstjóra, leikskólakennara, starfsfólks.

Stjórnun

Stjórnskipulag og skipurit

Rekstraraðili leikskólans Laufskála er Reykjavíkurborg, sem rekur 63 leikskóla í borginni. Skóla- og frístundasvið starfar í umboði borgarráðs og fer með verkefni nefndar, sem kjörin er af sveitarstjórn, samkvæmt lögum um leikskóla nr.90/2008. Ráðið mótir stefnu í menntamálum og hefur eftirlit með að samþykktum og stefnumörkun borgarinnar sé fylgt og fylgist með gæðum skólustarfs. Skóla- og frístundasvið heyrir undir ráðið og er sviðsstjóri yfirmaður þess. Undir honum starfar skrifstofustjóri leikskóla sem hefur yfirumsjón með faglegu starfi leikskóla í borginni. Í símtali við aðstoðarmann skrifstofustjóra á leikskólaskrifstofu skóla- og frístundasviðs kom fram að samskipti við leikskólustjóra séu með ágætum. Þó hefur borið á að ganga þurfi á eftir gögnum frá leikskólanum.¹¹

Skólaþjónusta við leikskóla í Reykjavík hefur frá árinu 2016 verið á fimm þjónustustöðvum í borginni. Skólaþjónustan er veitt á grundvelli þjónustusamnings milli skóla- og frístundasviðs annars vegar og velferðarsviðs hins vegar. Leikskólinn Laufskálar fær skólaþjónustu frá þjónustumiðstöðinni Miðgarði í Grafarvogi.

Reykjavíkurborg hefur sett sér menntastefnu til ársins 2030 og ber stefnan yfirheitið *Látum draumana rætast*. Meginmarkmið stefnunnar er að öll börn vaxi, dafni og uni sér saman í lýðræðislegu samfélagi sem einkennist af mannréttindum og virðingu fyrir fjölbreytileika mannlífs. Tvö leiðarljós vísa veginn á næstu árum, hið fyrra er „barnið sem virkur þátttakandi“ og hið síðara er „fagmennska og samstarf í öndvegi“ Grundvallarþættir stefnunnar eru fimm „félagsfærni, sjálfsefning, læsi, sköpun og heilbrigði“.¹² Í rýnivíðtölum voru kennarar og starfsmenn ekki meðvitaðir um menntastefnu Reykjavíkurborgar en leikskólustjóri þekkti hana.

Námskrá og áætlanir

Skólanámskrá Laufskála kom út árið 2016 og er á áætlun að endurskoða hana á þessu skólaári.¹³ Hún uppfyllir að flestu leyti þær kröfur sem settar eru fram í aðalnámskrá frá árinu 2011 og lögum um leikskóla nr.90/2008. Í skólanámskrá er ekki gerð grein fyrir hvaða upplýsingar fylgja barni þegar það flyst á milli leik- og grunnskóla. Þá er Barnasáttmálinn ekki sýnilegur í námskránni. Skólanámskrá var unnin undir forystu leikskólustjóra og komu allir starfsmenn að gerð hennar.¹⁴ Foreldraráð las námskrána yfir og gaf umsögn.

Starfsáætlun 2020-2021 er aðgengileg á heimasíðu leikskólans. Í starfsáætlun er m.a. að finna mat frá hverri deild svo og deildarnámskrá sem er gerð með aðkomu barnanna. Skóladagatal er aðgengilegt á heimasíðu.

Starfsmannahandbók er til í leikskólanum og er aðgengileg á hverri deild en er ekki á heimasíðu. Starfsmannahandbók er vel unnið og ítarlegt rit sem inniheldur sameiginlegar starfsreglur og upplýsingar og er hugsuð til að auðvelda nýjum starfsmönnum að kynna daglegu starfi og menningu Laufskála.¹⁵ Ekki kemur fram hvenær starfsmannahandbók er gerð eða hvenær hún skuli endurmetin. Jafnréttisáætlun Laufskála 2019–2022 tekur mið af jafnréttisáætlun skóla Reykjavíkurborgar. Aðrar áætlanir og stefnur sem liggja fyrir og eru á heimasíðu eru: Eineltisáætlun Grafarvogs og Kjalarness, Röskun á starfi vegna óveðurs og læsisstefna Laufskála. Forvarnarstefna leikskóla í Grafarvogi og Kjalarnesi var gerð 2006 en þar kemur fram að hver leikskóli endurmeti stefnuna á hverju ári í tengslum við ársáætlun en ekki kemur fram hvort endurmat hafi átt sér stað.

Stjórnun og starfsmenn

Stjórnendateymi Laufskála mynda leikskólustjóri, aðstoðarleikskólustjóri, deildarstjórar, sérkennslustjóri og verkefnastjóri. Fundir í stjórnendateymi eru haldnir vikulega. Fundargerðir eru ritaðar og hengdar upp á kaffistofu og þarf starfsfólk að kvitta undir að hafa lesið þær. Reglulega eru haldnir stjórnendafundir þar sem stjórnendur fara yfir málefni þeirra barna sem mögulega verða rædd á

11 Símaviðtal við aðstoðarmann skrifstofustjóra leikskólaskrifstofu skóla- og frístundasviðs.

12 Heimasíða Reykjavíkurborgar.

13 Rýnivíðtöl við leikskólustjóra og aðstoðarleikskólustjóra.

14 Rýnivíðtöl við leikskólustjóra, aðstoðarleikskólustjóra, deildarstjóra og leikskólakennara.

15 Starfsmannahandbók Laufskála.

samráðsfundum með Miðgarði. Í viðtölum við starfsmenn kom fram óánægja með að stjórnendafundur dragist oft á langinn og að of margir stjórnendur sitji þessa fundi og valdi það álagi í starfi.¹⁶

Leikskólastjóri hefur starfað sem slíkur í 15 ár og þar af síðustu 9 ár í Laufskálum. Aðstoðarleikskólastjóri hefur starfað sem slíkur síðan 2011 en hefur verið í ýmsum störfum í Laufskálum frá opnun leikskólans. Aðstoðarleikskólastjóri er í 30% stjórnunarstarfi og 70% stöðuhlutfalli í öðrum tilfallandi verkefnum svo sem afleysingum. Stjórnendur sögðu báðir að verkaskipting væri skýr en hún er ekki formleg eða skrifleg.¹⁷ Deildarstjórar töldu það nokkuð ljóst hvenær þeir töluðu við hvorn stjórnanda.¹⁸

Sex skipulagsdagar eru á ári og er dagskrá birt fyrir fram og fundargerðir skráðar. Starfsmannafundir eru hluti af skipulagsdögum eða stuttir fundir í útiveru barna ef skyndilega þarf að funda.

Deildarfundir eru áætlaðir á hverri deild aðra hverja viku ákveðinn dag vikunnar yfir veturinn. Deildarfundir eru í höndum deildarstjóra. Fundargerðir eru skráðar á þar til gerð eyðublöð. Í rýnivíðtölum kom fram að deildarfundir falli oft niður og er óánægja með það. Einnig kom fram óánægja er með að deildarfundir séu ekki á sumrin. Mikilvægt er að samstarfsfólk á deild fái svigrúm til að ræða saman og samræma vinnubrögð.¹⁹

Í Laufskálum eru samningsbundnir undirbúningstímar skipulagðir á þann hátt að hver og einn á sinn tíma og afleysingu en sé því ekki viðkomið er greidd eftirvinna. En undanfarið hefur gengið erfiðlega að koma því við og falla samningsbundnir undirbúningstímar oft niður vegna manneklu og aðlögunar.²⁰

Leikskólastjóri fær alla starfsmenn til sín í starfsþróunarviðtöl einu sinni á ári í apríl. Niðurstöður eru ekki skráðar nema að hluta til.²¹

Símenntunaráætlun er til sem einblöðungur en þar segir að áætlun um símenntun sé í höndum starfsmanna sjálfra og lýðræðisleg ákvörðun tekin árlega um stefnu sem taka á.²² Símenntunaráætlun er ekki dagsett og ekki kemur fram hvaða símenntun er áætluð og ekki er tilgreindur tímarammi. Í starfsáætlun Laufskála fyrir 2020–2021 kemur fram að í starfsþróunarviðtölum verði kannaður áhugi starfsmanna á fræðslu. Að sögn starfsmanna er vel tekið í beiðni þegar þeir óska eftir að sækja sér fræðslu en þeir eru ekki sérstaklega hvattir til þess.²³

Við ráðningu nýrra starfsmanna er fylgt lögum nr. 87/2008 um menntun og ráðningu kennara og skólastjórnenda. Við undirritun ráðningarsamnings er skrifað undir ákvæði um trúnað og þagnarskyldu og leyfi veitt til að skoða sakaskrá.²⁴ Farið er eftir ákveðnu verklagi við móttöku nýrra starfsmanna. Tveir bæklingar um móttöku nýliða eru til en það þarf að sameina þá.²⁵ Áætlað er að leikskólastjóri fái nýliða í viðtal eftir ákveðinn tíma í starfi en það gengur illa að finna þann tíma.²⁶ Til er móttökuáætlun en ekki er farið eftir henni.²⁷ Í viðtali við aðstoðarleikskólastjóra kom fram að lengi hafi staðið til að bæta nýliðahandleiðslu en það ekki tekist. Starfsmenn sögðu í viðtali að það vanti handleiðslu fyrir nýtt starfsfólk. Nýliðum sé hent í djúpu laugina án þess að fá leiðbeiningu.²⁸ Skipurit fyrir leikskólann liggur ekki fyrir.

Fagleg forysta

Leikskólastjóri lýsir sér sem sanngjörnum stjórnanda sem gefur öllum tækifæri og leyfir starfsfólki að prófa sig áfram. Hann segist gera sér grein fyrir því að hann vilji vera stjórnandi og telur það gott bæði fyrir sig og starfsfólk að vera meðvitaður um það. Hann telur samstarf í leikskólanum gott og oft fari fram faglegt spjall án átaka. Leikskólastjóri fer daglega inn á deildir til að kynnast börnunum, fylgjast með starfsaðferðum og létta undir, sérstaklega í aðlögun. Hann segist veita endurgjöf, hrós og hvatningu en mætti gera það í meira mæli.²⁹ Aðstoðarleikskólastjóri segir sér ganga vel í samskiptum við starfsfólk og starfsfólk leiti til hans. Hann telur samskipti lýðræðisleg og að góður mórall sé í leikskólanum. Aðstoðarleikskólastjóri fer mikið inn á deildir, mikið til að leysa af, veitir þá endurgjöf ef þarf.³⁰ Deildarstjórar telja að samstarf á milli deilda sé gott, þeir rökræða gjarnan en hjálpast að og

16 Rýnivíðtal við starfsmenn.

17 Rýnivíðtöl við leikskólastjóra og aðstoðarleikskólastjóra.

18 Rýnivíðtal við deildarstjóra.

19 Rýnivíðtöl við leikskólakennara og starfsfólk.

20 Rýnivíðtöl við leikskólastjóra, aðstoðarleikskólastjóra, deildarstjóra og leikskólakennara.

21 Rýnivíðtal við leikskólastjóra.

22 Símenntunaráætlun Laufskála.

23 Rýnivíðtal við starfsmenn.

24 Viðtal við leikskólastjóra.

25 Viðtal við leikskólastjóra.

26 Viðtal við leikskólastjóra.

27 Viðtal við aðstoðarleikskólastjóra.

28 Rýnivíðtal við starfsmenn.

29 Viðtal við leikskólastjóra.

30 Viðtal við aðstoðarleikskólastjóra.

lána starfsfólk eða bjóða börnum milli deilda ef þörf er á t.d. ef vantar starfsfólk. Þeir segjast viðhafa lýðræðisleg vinnubrögð og upplifi mikið traust. Deildarstjórar segjast veita sínu starfsfólki endurgjöf og leiðbeiningu í aðstæðum hverju sinni en eru ekki með leiðbeiningaviðtöl. Einnig hafi þeir alltaf aðgang að aðstoðarleikskólastjóra sér til aðstoðar. Þeir segja leikskólastjóra og aðstoðarleikskólastjóra vera fyrirmynd að góðum samskiptum sem eru á jafningjagrunni.³¹ Í viðtölum við kennara og annað starfsfólk kom fram að stjórnendur væru mjög sýnilegir í starfinu og samskipti góð. Leikskólastjóri komi daglega inn á deildir, fylgist með og veitir ráðgjöf. Vinnubrögð séu lýðræðisleg og „rýnt sé til gagns“. Til fyrirmyndar er hvernig leikskólastjóri tekur á móti nýjum börnum og foreldrum, hann gefur sér góðan tíma til að kynna starf leikskólans.³² Flestir voru sammála um að virðing og traust ríkti og starfsmenn fái hrós á starfsmannafundum en ekki mikið í daglegu starfi. Ekki voru allir sammála um upplýsingastreymi. Einhverjum þótti þeir fá þær upplýsingar sem þeir þyrftu meðan öðrum fannst upplýsingar mættu vera meiri í daglegu starfi s.s. hvað varðar breytingar í dagskipulagi.³³ Þá nefndu margir að nauðsynlegt væri að efla móttöku og handleiðslu til nýrra starfsmanna.³⁴ Meirihluti foreldra er ánægður með stjórnun leikskólans, samskipti og viðmót starfsmanna. Þeir telja að stjórnendur leggi sig fram við að vera sýnilegir í daglegu starfi.³⁵

Starfsandi og starfsánægja

Í öllum viðtölum og rýnihópum kom fram að skólabragur og starfsandi er góður. Þátttakendur voru sammála um að góður andi ríki þar sem fólk deili þekkingu sín á milli, leiti ráða hvert hjá öðru og hrósi hvert öðru. Gagnkvæm virðing, traust, jákvæðni og metnaður ríkir í hópnum. Starfsmannahópurinn er samtaka og andrúmsloft afslappað. Starfsmannahópurinn er duglegur að gera ýmislegt til að auka starfsgleði, svo sem: Bíókvöld í leikskólanum, jólagleði, óvissuferð að vori, Laufskaup/ársskaup, furðufatadagur. Lögð var viðhorfskönnun fyrir starfsmenn Reykjavíkurborgar í febrúar 2020. Niðurstöður komu vel út fyrir Laufskála og í samræmi við það sem matsmenn sáu á vettvangi.

Styrkleikar

- Leikskólastjóri er faglegur leiðtogi með mikinn faglegan metnað.
- Til fyrirmyndar er hvernig leikskólastjóri tekur á móti nýjum börnum og foreldrum.
- Starfsmannahandbók er aðgengileg á deildum.
- Starfsandi og skólabragur er góður.
- Traust og gagnkvæm virðing er á milli starfsfólks og því líður vel í vinnunni.
- Samstarf og samábyrgð starfsfólks er sýnileg og starfsmannahópurinn samhentur.
- Aðgengi að stjórnendum er gott svo og samskipti við þá.
- Starfsfólk fær hrós og endurgjöf frá stjórnendum.

Tækifæri til umbóta

- Kynna þarf menntastefnu Reykjavíkurborgar fyrir starfsfólki og tengja hana við starfið.
- Í skólanámskrá má gera grein fyrir hvernig unnið er með Barnasáttmála sameinuðu þjóðanna.
- Huga þarf að endurskoðun á skólanámskrá með aðkomu alls leikskólasamfélagsins.
- Skrá þarf verkaskiptingu leikskólastjóra og aðstoðarleikskólastjóra og gera sýnilega.
- Gæta þarf þess að stjórnendafundur fari ekki yfir auglýstan tíma.
- Finna þarf leið til að deildarfundir falli ekki niður.
- Finna þarf leið til að samningsbundnir undirbúningstímar falli ekki niður.

31 Rýnivíðtal við deildarstjóra.

32 Rýnihópar deildarstjóra og starfsmanna, viðtal við leikskólastjóra og aðstoðarleikskólastjóra, foreldrakönnun.

33 Rýnivíðtöl við kennara og starfsfólk.

34 Rýnivíðtöl við deildarstjóra, kennara og starfsmenn.

35 Könnun til foreldra í Laufskálum.

- Vinna ætti símenntunaráætlun sem endurspeglar stefnu og þarfir leikskólans og nær til allra starfsmanna.
- Endurvekja og koma á móttökuáætlun fyrir nýja starfsmenn.

Uppeldis- og menntastarf

Námsaðstæður

Skipulag húsnæðis gerir ráð fyrir fjölbreyttum leikaðstæðum. Allar deildir eru eins, ein stór leikstofa og inn af henni er ein minni stofa og salerni. Deildunum er skipt niður í minni svæði með skilrúmum og hillueiningum. Mikið er um teppamottur á gólfum sem gefa umhverfinu hlýlegt yfirbragð og góða hljóðvist. Eftir miðju húsi er leiksvæði sem búið er að afmarka með tjöldum og skilrúmum. Elstu börnin og hluti yngri barnanna borðar á þessu svæði. Þarna er einnig aðstaða til hreyfileikja, listsköpunar og leiklistar. Góð aðstaða er til gólfleikja á deildum en lítið er um borð og stóla þar inni.

Aðgengi barnanna að leikefni er gott á öllum deildum. Hillur og skápar eru í hæð barnanna þar sem þau geta sótt sér leikefni óhindrað. Einnig voru kassar með ýmsum efnivið í efri hillum og inni í skáp sem börnin á eldri deildunum vissu um og báðu um að fá lánað til að auðga leikinn. Fjölbreyttur efniviður er til staðar, ýmis konar kubbar og einnig eru einingakubbar og holukubbar. Mikið er lagt upp úr búningum og hlutverkaleik eru gerð góð skil. Leikföng eru geymd í leikfangabanka þar sem starfsmenn geta skipt út leikföngum á deild og sótt ný. Bækur eru aðgengilegar börnunum á öllum deildum. Á svæði sem ætlað er til hreyfileikja eru svampdýnur og pullur. Efniviður til listsköpunar er geymdur inni í skáp og því ekki sýnilegur börnunum og voru yngri deildarnar búnar að koma fyrir búnaði til hlutverkaleikja á þessu svæði. Lítið sást af myndverkum en búningar og annað sem tengist leiklistinni er mjög sýnilegir. Stafróf sem tengist verkefnum *Lubbi finnur málbein* er sýnilegt á deildum en annað ritmál er ekki mjög sýnilegt.

Dagskipulag er sameiginlegt fyrir allan leikskólann og einkennist það af frjálsum leik, hópastarfi og skipulögðum athöfnum. Dagskipulagið er mjög opið og getur hver deild aðlagð það að sínum áherslum hverju sinni.³⁶

Starfshættir

Deildarstjórar leiða uppeldisstarfið á deildinni. Hver deild gerir sína starfsáætlun að hausti fyrir veturinn. Á eldri deildum er þetta unnið með börnunum og koma þau með sínar hugmyndir um hvað þau vilja gera og fræðast um yfir veturinn. Þetta er gert þannig að á haustin eru börnin spurð hvað þau vilja gera og læra, síðan er unnið úr hugmyndum þeirra yfir veturinn. Börnunum er skipt í minni hópa í hópastarf. Við skipulag og vinnu á deildum er lögð áhersla á að hlusta á raddir allra starfsmanna. Samstarf og samvinna starfsmanna er sýnilegt á vettvangi.³⁷

Aðaláherslur leikskólans í uppeldisstarfinu eru leiklist, agastefna Laufskála og verkefnið *Lubbi finnur málbein*.

Í leiklistinni hefur leikskólinn mótað sína hugmyndafræði. Þegar fjallað er um leiklist með börnum er oftast en ekki vitnað í fræðimenn til að styðja viðkomandi hugmynd að menntunarfræðilegum og uppeldisfræðilegum rökum.³⁸ Í leiklistinni er lögð áhersla á að börnin fái tækifæri til að koma fram og njóta sín í hlutverkum og í eigin persónu. Hugmyndir barnanna er oftast kveikja að því sem gera á en kennarar geta líka stungið upp á verkefnum. Eldri börnin eru í skipulögðu leiklistarstarfi einu sinni í viku sem verkefnastjóri leiklistar sér um. Í þessum stundum er unnið með framkomu og tjáningu á ýmsan hátt.³⁹

Árið 1916 fékk leikskólinn hvatningarverðlaun Skóla- og frístundasviðs fyrir leiklistarverkefnið *Ég get, sjáðu mig*.

Einnig er leikskólinn með verkefnið *Sýna og sjá* og er það á dagskrá tvisvar sinnum í viku í samverustund. Allar deildir eiga tvær töskur sem börnin fara með heim til skiptis. Þar velja þau einn hlut til að koma með í leikskólann. Í leikskólanum fær barnið að koma fram fyrir hópinn á deildinni og sýna hlutinn sinn og segja frá honum. Barnahópurinn fær svo tækifæri til að koma með spurningar og skoða hlutinn nánar. Þetta verkefni er tvíþætt, annars vegar að æfa börnin í að koma fram og hins vegar að æfa þau í að vera áhorfendur, sýna virðingu og hlusta.⁴⁰ Í samverustundum eru börnin hvött til að

36 Rýnihópur deildarstjóra.

37 Rýnihópur deildarstjóra, leikskólakennara og starfsmanna.

38 Skólanámskrá Laufskál.

39 Skólanámskrá Laufskála og bæklingsur, Leiklist í Laufskálum.

40 Skólanámskrá Laufskála og bæklingsur, Leiklist í Laufskálum.

deila reynslu sinni og segja frá. Handbrúður, hreyfisöngvar og skuggaleikhús er líka notað í þessum stundum. Söngstund er á föstudögum þar sem öll börn leikskólans koma saman og syngja. Reglulega sýna börnin leikýningar í þessum stundum.

Leikskólinn hefur mótað sér agastefnu sem allir kennarar leikskólans starfa eftir. Agastefnan stuðlar að því að börnin geti alltaf treyst á að samskiptin í leikskólanum séu sanngjörn og uppbyggileg. Markmiðið er að bæði börn og fullorðnir geti klárað daginn sáttt við sjálfan sig og þau samskipti sem þau áttu yfir daginn.⁴¹ Á vettvangi sást stefna leikskólans mjög vel og í rýnivíðtölum voru allir starfsmenn meðvitaðir um hver stefnan væri og hvernig ætti að vinna samkvæmt henni.

Í starfsáætlun þessa árs á að leggja meiri áherslu á að vinna með *Lubba* verkefnið og í endurmati má sjá að umræða hefur verið um að verkefnið þarfnist einhvers starfsmanns sem getur haft forustu og hvatt aðra áfram, nokkurs konar verkefnastjóra. Unnið er með *Lubba* verkefnið í samverustundum fyrir hádegismat. Í rýnivíðtölum kom fram að áhugi er hjá starfsmönnum fyrir því að auka vægi *Lubba* verkefnisins.⁴²

Fjórðu hverju viku er flæði á þremur elstu deildum leikskólans. Í flæði er lögð áhersla á frjálsan leik barnanna og sjálfsákvörðunarréttur þeirra virtur með því að þau velja sér það viðfangsefni sem þau vilja vinna með hverju sinni. Í flæði eru flest svæði leikskólans nýtt og börnin fara frjálst um í leit sinni að áhugaverðum verkefnum. Starfsmönnum er skipt á milli svæða þessa viku og sjá þeir um verkefni á sínu svæði. Þannig er börnunum boðið upp á fjölbreytt námsumhverfi.

Eftir síðdegishressingu er barnahópnum skipt upp á fjögur svæði sem einkennd eru með litum. Börnunum er skipt á svæði eftir vistunartíma þar sem boðið er upp á ákveðin verkefni. Þannig að börn sem eru sótt kl. 16:00 eru saman á svæði, þau sem eru sótt kl. 16:15 saman o.s.frv. Þetta er gert til að ekki myndist biðtími hjá börnunum í lok dags.⁴³

Í matartímum er svokallað flæði þ.e. að á tveimur elstu deildunum borða ekki öll börnin í einu heldur eru átján börn sem geta borðað í einu. Börnin sækja sér mat af hlaðboði og setjast með hann við borð, þegar barn er búíð að borða þá gengur það frá disknum og hnífapörum og býður næsta barni að fá sér að borða. Starfsmenn stóðu hjá börnunum og fylgdust með. Einn hópur af hvorri yngri deild borða frammi í matsal. Hjá yngri börnunum borðuðu öll börn í einu og setið var til borðs með þeim. Þegar líður á vetur fara elstu börnin á yngri deildum að skammta sér sjálf af hlaðborðinu.

Lýðræði, jafnrétti og þátttaka barna

Í jafnréttisáætlun Laufskála er eitt af markmiðunum í framkvæmdaáætlun fyrir skólaárið 2019–2020 að efla sjálfstæði og sjálfsvitund barnanna óháð kyni. Í aðgerðaáætlun fyrir þennan þátt segir „að gefa eigi börnunum tækifæri til að koma fram fyrir aðra og leggja áherslu á að allir fái tækifæri á að segja sína skoðun.“⁴⁴ Á vettvangi sást þetta vel og í skólanámskrá og starfsáætlun kemur þetta vel fram. Má þar nefna að í byrjun vetrar taka tveir elstu árgangar barnanna þátt í gerð námskrár fyrir sína deild og einnig taka þau þátt í endurmati á námskrá á miðjum vetri og að vori. Námskráin er síðan sett sjónrænt upp til að auðvelda börnum og starfsmönnum að fylgjast með. Námskrá fyrir elstu börnin í Laufskálum, þar sem unnið er með lýðræði barna, hlaut hvatningarverðlaun Skóla og frístundaráðs árið 2012. Í frjálsa leiknum hafa börnin frjálst aðgengi að leikfni á sinni deild og mega þau velja sér viðfangsefni að vild. Í rýnihópi barna kom skýrt í ljós að börnin vissu að þau mættu velja sér viðfangsefni og skipta að vild. „Maður þarf bara að taka saman áður,“ sögðu börnin. Markvisst eru börnin hvött til sjálfshjálpar eins og í fataklefa og í matartímum og sást þetta vel á vettvangi. Í rýnihópum kom fram að starfsmenn móta reglur sem eru í leikskólanum og voru börnin líka meðvituð um það. Á vettvangi sást ekki skráðar reglur en börnin virtust vera meðvituð um hvað má og hvað ekki.

41 Skólanámskrá Laufskála og bæklingsur, Agastefna Laufskála.

42 Rýnihópur deildarstjóra, leikskólakennara og starfsmanna.

43 Rýnivíðtal leikskólastjóra.

44 Jafnréttisáætlun Laufskála.

Námssvið

Í skólanámskrá er fjallað um hvernig unnið er að grunnþáttum menntunar og námssviðum aðalnámsskrár.

Gerð hefur verið læsisstefna fyrir Laufskála en þar koma fram helstu áherslur læsis í leikskólanum. Samverustundir eru notaðar til að ræða saman og upplýsa börnin. *Sýna og sjá* verkefnið er góð leið til að hvert barn fái tækifæri til að koma fram fyrir hópinn og segja frá. Í leiklistinni eru börnin hvött til að tjá sig og búa til sögur. Í frjálsa leiknum er starfsfólk alltaf nálægt til að tala við börnin og hvetja þau áfram. Bækur eru aðgengilegar á öllum deildum og á vettvangi sást að börnin voru dugleg að sækja bækur og biðja starfsmenn að lesa fyrir sig. Bókasafn er að finna í leikskólanum og er gott aðgengi að því. Lítið er um ritmál í umhverfinu en *Lubba* stafrófið var á öllum deildum. Stundirnar í fataklefa eru nýttar til að ræða við börnin einnig matartímar á yngri deildum þar sem starfsmenn sitja til borðs. Á eldri deildum sátu starfsmenn ekki til borðs þannig að minna var um samræður milli barna og fullorðinna en börnin spjölluðu mikið saman.

Heilbrigði og vellíðan barnanna er styrkt með ýmsum hætti. Bæði í frjálsum leik og skipulögðu starfi. Á öllum deildum er aðstaða til hvíldar og á tveim yngri deildunum hvíla öll börn sig að loknum hádegisverði. Í dagskipulagi er gert ráð fyrir að öll börn fari út að minnsta kosti einu sinni á dag. Vettvangsferðir eru ekki á dagskipulagi en starfsfólk sagðist nýta tækifærin til að fara með litla hópa á opin leiksvæði í nágrenni leikskólans.⁴⁵ Aðstaða er til hreyfipjálfunar í leikskólanum en það er undir hverri deild komið hvort hún er nýtt. Í rýnivíðtölum kom fram að það hafði verið íþróttakennari sem sinnti þessum þætti en hann sé hættur og síðan hefur þetta svæði ekki verið notað markvisst. Einnig kom fram að leikskólinn hafi haft aðgang að fimleikasal í Egilshöll einu sinni í viku og fóru starfsmenn með elstu börnin þangað. Þessir tímar féllu niður í Covid-19 og óvíst er um framhaldið.

Í tengslum við sjálfbærni og vísindi talaði starfsfólk um að einu sinni á ári væri hreinsunardagur og þá fari börnin út fyrir garðinn og tíni rusl.⁴⁶ Á öllum deildum eru ílát til að flokka pappír og plast. Taupokar sem merktir eru leikskólanum eru notaðir fyrir blaut föt og annað sem þarf að fara heim. Þeir hanga uppi í fataklefa og inni á deildum og eru aðgengilegir foreldrum. Foreldrar sjá svo um að þvo pokana og skila þeim á sinn stað. Ekki var sýnilegur efniviður til vísindastarfa en starfsmenn sögðu að það væri kassi í leiksfangabanka sem þeir sækja þegar verið er að vinna að tilraunum.⁴⁷

Aðstaða til listsköpunar er til staðar en hún er ekki mikið nýtt sem slík. Efniviður er ekki sýnilegur eða aðgengilegur börnunum. Málning og annað er inni í skápum en aðgengi barnanna að blöðum og litum á deildum er gott. Í rýnihópum kom fram að starfsmenn geta sótt sér efnivið og farið með inn á deildir ef vinna á að myndsköpun.⁴⁸ Unnið er með tónlist í daglegum samverustundum þar sem sungið er með börnunum. Einnig er söngstund á hverjum föstudegi þar sem öll börn leikskólans koma saman og syngja eða sýna leikrit. Ein af aðaláherslum leikskólans er leiklist og er sérstakur verkefnastjóri fyrir það. Á dagskipulagi eru leiklistarstundir sem öll eldri börnin fara í einu sinni í viku.

Velferð og líðan barna

Andrúmsloft í leikskólanum er einstaklega afslappað, gott og einkennist af gagnkvæmri virðingu, skilningi og trausti milli aðila. Samskipti starfsmanna við börnin voru uppbyggileg og starfsfólk sýndi þolinmæði. Á vettvangi sást að almennt sátu starfsmenn á gólfinu hjá börnunum og beygðu sig í hæð þeirra þegar þeir töluðu við þau. Starfsmenn beittu röddinni vel og hækkuðu ekki róminn til að leggja áherslu á mál sitt heldur reyndu að ná athygli barnanna með augnsambandi. Í rýnihópi barna kom fram að það er gaman í leikskólanum og þau vilja bara vera heima þegar þau eru lasin. Þau segja að kennarinn huggi þau þegar þau meiða sig. Einnig töluðu þau um að fara í aðstoð. „Ef maður gerir eitthvað sem maður má ekki gera, þá fer maður í aðstoð.“⁴⁹ Þau gátu útskýrt hvað aðstoð þýddi og eins í hvaða aðstæðum þyrfti að beita henni. Á vettvangi sást vel að allir starfsmenn eru að sýna sömu viðbrögð við krefjandi hegðun barnanna.

45 Rýnihópur deildarstjóra, leikskólakennara og starfsmanna.

46 Rýnihópur deildarstjóra, leikskólakennara og starfsmanna.

47 Rýnihópur deildarstjóra, leikskólakennara og starfsmanna.

48 Rýnihópur deildarstjóra, leikskólakennara og starfsmanna.

49 Rýnihópur barna.

Í foreldrakönnunum sem gerð var af MMS í september 2020 kemur fram að 100% foreldra sem svara eru mjög eða frekar sammála um að barninu líði vel í leikskólanum. Sama hlutfall foreldra telur að barnið sitt sé öruggt í leikskólanum, að starfsmenn þekki þarfir þess og að í leikskólanum sé lögð áhersla á að efla sjálfstraust barnsins. Þegar spurt er hvort foreldrar telji að barnið aðlagist hópnum, segjast rúmlega 92% foreldra vera mjög og frekar sammála. Spurningunni hvort foreldrar hafi fengið ráð um uppeldi, heilsu, samskipti eða annað sem snertir barnið sitt í leikskólanum svara rúm 70% að þeir séu mjög eða frekar sammála.

Mat á námi og velferð barna

Skimunarprófið Hljóm-2 sem kannar hljóð- og málvitund barna, er lagt fyrir öll fimm ára börn að hausti. Tveir deildarstjórar fóru á síðasta ári á námskeið til að læra að nota TRAS skráningalistann og eru þeir aðeins að byrja að kynna sér hann og nota. Listinn er fylltur út tvisvar á ári og er gerður til að fylgjast með máltöku tveggja til fimm ára barna og skima eftir frávikum í mál- og félagsþroska. Fram kom að fleiri deildarstjórar hafa áhuga á að fara á námskeið í vetur og í framhaldi af því verði listinn notaður sem eitt af matstækjum leikskólans. Einnig kom fram að hluti af Efi 2 listanum og orðaskil er notað ef meta þarf málþroska. Í ákveðnum tilfellum er íslenski þroskalistinn og smábarnalistinn notaður. Starfsfólk hefur gert samskiptaskráningar sem notaðar hafa verið til að meta velferð barna. Leikskólinn og heilsugæslan eiga gott samstarf vegna þroskaskimana sem gerðar eru á heilsugæslunni. Deildarstjórar sögðust vera með gamlan gátlista sem þeir nota til að undirbúa foreldraviðtöl. Einn deildarstjóri er að byrjaður að vinna með ferilmöppu barna. Farið er yfir mat á stöðu barnanna í foreldraviðtölum en foreldrar taka almennt ekki þátt í mati á námi og framförum sinna.⁵⁰

Í foreldrakönnun sem gerð var af MMS í september 2020 kemur fram að rúmlega 50% foreldra eru sammála um að hafa tekið þátt í að meta framfarir barnsins. Rúmlega 25% foreldra svara hvorki né en 22% eru ósammála. Tæp 65% foreldra telja sig fá reglulega góðar og leiðbeinandi upplýsingar um framfarir barnsins. Þegar spurt er um hvort foreldrar telji að barnið sýni stöðugar framfarir í leikskólanum eru 98% foreldra sammála því.

Styrkleikar

- Andrúmsloft er gott og nærvera starfsmanna er þægileg.
- Virðing umhyggja og uppbyggjandi samskipti eru einkennandi milli starfsfólks og barna.
- Allt starfsfólk kemur að skipulagi starfsins og hlustað er á raddir allra. Samstarf og samvinna starfsmanna er sýnileg á vettvangi.
- Vel er unnið með lýðræði, jafnrétti og þátttöku barnanna.
- Til fyrirmyndar er hvernig unnið er með námskrágerð eldri barna á haustin og hvernig hún er sett sjónrænt upp.
- Leikskólinn hefur gert læsisstefnu.
- Unnið er með flesta grunnþætti menntunar og námssvið aðalnámskrár.
- Til er agastefna Laufskála sem starfsmenn þekkja og sýna þeir sömu viðbrögð við krefjandi hegðun barna.
- Lýðræðisleg þátttaka barnanna birtist í námskrágerð þeirra eldri. Börnin hafa frjálst aðgengi að leikfni og áhrif á hvaða verkefni eru í boði.
- Börnin eru glöð og líður vel í leikskólanum.
- Taupokar eru notaðir undir óhrein föt.

50 Rýnihópur deildarstjóra.

Tækifæri til umbóta

- Æskilegt er að fram fari umræða um hlutverk starfsmanna í matartímum. Til dæmis hvernig nýta mætti matmálstíma til umræðna, fræðslu og málörvunar.
- Æskilegt er að fram fari umræða um starfið í listakrók og á grófhreyfisvæði.
- Gera ætti skapandi myndlistarstarfi og vísindum hærra undir höfði í starfi leikskólans.
- Gera ritmál sýnilegra í umhverfinu.
- Leita ætti leiða til að gera mat á námi barna fjölbreyttara, markvissara og samræma það fyrir allan leikskólann. Svo sem hreyfifærnimat, uppeldisfræðilegar skráningar og ferilmöppur.
- Leita leiða til að foreldrar komi að mati á námi og framförum barna.

Foreldrasamvinna og ytri tengsl

Pátttaka foreldra og upplýsingamiðlun

Foreldraráð er starfandi við leikskólann og í því sitja þrjú fulltrúar. Að hausti auglýsir leikskólastjóri eftir foreldrum í ráðið en reynslan er sú að erfitt er að fá foreldra til að bjóða sig fram. Leikskólastjóri bregður því á það ráð að spyrja foreldra beint og nær að manna ráðið þannig. Foreldraráð hefur ekki sett sér starfsáætlun eða vinnureglur. Það fundar ekki formlega en samskiptin fara fram á netinu. Fundargerðir eru ekki ritaðar. Helsta verkefni foreldraráðs er að lesa yfir starfsáætlun leikskólans og gefa umsögn.

Foreldrafélag er starfandi við leikskólann og kemur það að ýmsum viðburðum í samstarfi við leikskólann og er pátttaka foreldra í þeim almennt góð.⁵¹

Hann/hún leikskólastjórinn tekur alla nýja foreldra í viðtal í upphafi skólagöngu. Leggur hún metnað í það að gefa foreldrum góðan tíma í upphafi til að mynda sterk tengsl.⁵² Þátttökuaðlögun er í leikskólanum og fylgja foreldrar börnum sínum þrjú fyrstu dagana en fjórða daginn borða þau morgunmat með þeim og kveðja síðan. Útbúinn hefur verið bæklingur sem kallast *Velkomin í Laufskála* og er það upplýsingabæklingur fyrir nýja foreldra. Þar kemur fram hvernig aðlögunin fer fram og hlutverk foreldris og leikskólakennara í aðlöguninni, ásamt ýmsum hagnýtum upplýsingum. Einnig hefur verið útbúinn bæklingur til nýrra foreldra og barna, aðlögunarbæklingur, þar sem eru myndir af starfsmönnum deildarinnar og myndræn kynning á dagskipulagi og starfinu á deildinni. Foreldraviðtöl eru tvisvar á ári á haust- og vorönn.

Upplýsingar á heimasíðu leikskólans mættu vera aðgengilegri og nýta ætti hana betur til að koma reglulega með fréttir og upplýsingar. Deildarstjórar reyna að senda heim vikulegan póst en fram kom að það getur verið misbrestur á því ef undirbúningstímar falla niður.⁵³ Upplýsingatöflur eru við hverja deild en þær eru ekki virkar núna þar sem foreldrar mega ekki koma inn í leikskólann vegna Covid-19 en upplýsingatafla er í fataklefa. Myndskráningar hafa verið notaðar til að upplýsa foreldra um starfið. Leikskólinn er ekki byrjaður að nota Völu-appið. Í áðurnefndri foreldrakönnun sem MMS gerði fyrir ytra matið kemur fram að yfir 90% foreldra telja sig fá góðar upplýsingar um hvað er á döfinni í leikskólanum og þeir telji sig fá greinargóð svör við spurningum um leikskólastarfið. Í öpunum svörum kom fram að foreldrar óski eftir greinarbætri upplýsingum um hvíld og mataræði barna sinna og að matseðill skólans sé þeim aðgengilegri til dæmis á heimasíðu leikskólans.

Viðhorf foreldra

Eins og fyrr segir var ekki unnt að boða foreldra í rýnihópa en ein af sóttvarnareglum í Covid 19 er að foreldrar mega ekki koma inn í leikskólann og er því stuðst við foreldrakönnun MMS frá því í september 2020. Þar kemur fram að 98% foreldra sem svöruðu eru ánægðir með leikskólann þegar á heildina er litið og rúmlega 70% segja að ábendingum sínum sé vel tekið og 28% svara hvorki né. Tæp 95% telja að leikskólanum sé vel stjórnað og yfir 90% foreldra svara að þeir þekki stefnu leikskólans og að markvisst sé unnið að henni. Jafnframt kom fram að foreldrar eru ánægðir með stefnuna og finnst viðfangsefnin í leikskólanum áhugaverð. Þegar spurt er hvort leikskólinn leiti eftir tillögum eða hugmyndum foreldra eru rúm 33% sammála því en tæp 54% segja hvorki né og tæp 15% eru ósammála. Um 70% foreldra telja að ábendingar þeirra séu teknar til greina en tæp 28% svara hvorki né.

Samstarf við grunnskóla

Leikskólinn er í formlegu samstarfi við Rimaskóla og leikskólana Lyngheima og Fífuborg. Ákveðinn rammi er um framkvæmd heimsóknanna og hversu margar þær eiga að vera yfir veturinn. Að hausti hittast skólastjórnendur og ákveða dagsetningar fyrir þessar heimsóknir. Heimsóknir eru meðal annars á bókasafn grunnskólans, í íþróttir, danstíma, í föstudagsfjör, inni í bekkjardeild, skoðunarferð um grunnskólann og frístundaheimilið. Einu sinni að hausti koma nemendur 1. bekkjar grunnskólans í heimsókn í leikskólann og nemendur 4. bekkjar koma í leikskólana á degi íslenskrar tungu og eru með

51 Viðtal við fulltrúa foreldrafélagsins.

52 Rýnivíðtal leikskólastjóra.

53 Rýnihópur deildarstjóra.

dagskrá fyrir börnin. Að vori hittast fulltrúar frá Rimaskóla og fulltrúar frá hverjum leikskóla fyrir sig á skilafundi. Þar sem farið er yfir stöðu verðandi nemenda í 1. bekk.⁵⁴ Leikskólarnir í hverfinu, Laufskálar, Lyngheimar og Fífuborg, hafa einnig formlegt samstarf sín á milli þar sem elstu börn leikskólanna hittast reglulega yfir veturinn. Markmið þessa heimsókna er að barnahópurinn kynnist og að fleiri nemendur þekkist þegar grunnskólaganga hefst. Þegar ytra matið fór fram var ekki búið að funda vegna áætlunar 2020–2021 og er því stuðst við áætlun fyrri ára.

Annað samstarf

Samstarf hefur verið við Egilshöll þar sem elstu börnin hafa farið í fimleikasal einu sinni í viku. Starfsmenn nota bókasafnið í hverfinu og fara með börnin þangað í minni hópum. Í júní hittast elstu börn leikskólanna í hverfinu á útivistarsvæði við Gufunesbæ. Starfsfólk Gufunesbæjar er með dagskrá sem leikskólakennararnir styðja við. Farið er með börnin heimsókn í félagsmiðstöð eldri borgara í Borgum.⁵⁵

Styrkleikar

- Foreldrafélag er starfandi og styður vel við leikskólastarfið.
- Til fyrirmyndar er hvernig tekið er á mótí nýjum foreldrum og þeim kynnt leikskólastarfið. Til eru bæklingar með hagnýtum upplýsingum fyrir nýja foreldra.
- Viðhorf foreldra til leikskólans eru góð og telja þeir að börnunum líði vel í leikskólanum, eins og sjá má í foreldrakönnun MMS frá september 2020.
- Gott samstarf er við Rimaskóla og leikskólana Lyngheima og Fífuborg og til er skrifleg áætlun um samstarfið.

Tækifæri til umbóta

- Áfram ætti að leita leiða til að hvetja foreldra til þátttöku í foreldraráði svo unnt sé að velja fulltrúa með lýðræðislegum hætti.
- Foreldraráð þarf að setja sér vinnureglur, skrá fundargerðir og hafa þær aðgengilegar svo sem á heimasíðu leikskólans.
- Huga ætti að því að bæta upplýsingagjöf til foreldra varðandi daglega líðan barna, svo sem um hvíld og matarræði.
- Gera ætti matseðil aðgengilegri foreldrum svo sem með því að birta hann á heimasíðu leikskólans.
- Ekki er að finna upplýsingar í skólanámskrá um hvaða upplýsingar fylgi börnum frá leikskóla yfir í grunnskólann.
- Æskilegt er að hafa hagnýtar upplýsingar um leikskólann á heimasíðu á fleiri tungumálum.

54 Samstarf Rimaskóla og leikskólanna Fífuborgar, Laufskál og Lyngheima skólaárið 2019–2020.

55 Rýnivíðtöl við deildarstjóra, aðstoðarleikskólastjóra og leikskólastjóra.

Skóli án aðgreiningar

Skólalþjónusta og sérkennsla

Við leikskólann er starfandi sérkennslustjóri. Hann var nýkominn til starfa þegar ytra mat fór fram en þekkti samt vel til sérkennslustarfa innan leikskólans. Sérkennslustjóri hefur yfirumsjón með sérkennslumálum í leikskólanum. Í samstarfi við deildarstjóra skipuleggur hann starfið með sérkennslubörnin, upplýsir starfsmenn, fylgir eftir að unnið sé eftir einstaklingsnámskrá og veitir ráðgjöf. Deildarstjóri ber ábyrgð á vinnunni með sérkennslubarnið á sinni deild. Starfsmaður sem sinnir sérkennslubarni er starfsmaður viðkomandi deildar. Sérkennslustjórinn er í stjórnendateymi leikskólans og situr stjórnendafundi, hann situr líka deildarfundum þegar það á við. Sérkennslustjóri leggur sig fram um að vera sýnilegur á öllum deildum og að vinna í nánunni samstarfi við starfsmenn deilda. Ef grunur vaknar um þroskafrávik þá skoðar hann málið með deildarstjóra, gerir frumgreiningu og í framhaldinu eru foreldrar boðaðir á fund og þeir upplýstir um málið. Ef með þarf, er skrifleg beiðni send til þjónustumiðstöðvar í Miðgarði og í framhaldi af því fer fram ýtarlegri greining. Gerð er einstaklingsnámskrá fyrir börn sem þurfa sérstakan stuðning í samvinnu við foreldra. Út frá einstaklingsnámskrá er gerð þjálfunaráætlun. Einstaklingsnámskrá er endurmetin tvisvar á ári. Teymi er myndað um sérkennslubörnin og eru teymisfundir haldnir á sex til átta vikna fresti. Teymið um barnið er myndað af sérkennslufulltrúa frá þjónustumiðstöð, talmeinafræðingi eða sálfræðingi ef við á, viðkomandi deildarstjóra, sérkennslustjóra, stuðningsaðila og foreldri. Ef barnið er með þjónustu frá Ráðgjafar- og greiningarstöð ríkisins kemur aðili frá þeim á teymisfundi. Sérkennslustjóri heldur utan um þessa fundi, sér um að boða foreldra og aðra aðila á fundinn og ritar fundargerð. Auk þessa fá foreldrar sérkennslubarna hefðbundið foreldraviðtal tvisvar á ári óski þau eftir því.⁵⁶

Gott upplýsingastreymi er til starfsmanna varðandi sérkennslubörn. Starfsmenn eru upplýstir á deildarfundum um þjálfunaráætlun barnsins og hvernig staða þess er. Meginmarkmið leikskólans er að vinna sem mest með sérkennslubörnin í barnahópnum og í daglegu starfi deildarinnar. Eitt herbergi er til staðar ef barn þarfnast einstaklingsbundinnar þjálfunar. Í viðtölum við starfsmenn kom fram að þeir telji að alltaf sé hægt að finna rými í húsinu fyrir sértæka þjálfun ef að á þarf að halda. Að mati sérkennslustjóra og stuðningsaðila er skólinn vel búinn þjálfunargögnum og vel er brugðist við óskum um ný kennslugögn.⁵⁷ Fram kom að óskum starfsmanna um að sækja námskeið eða aðra fræðslu um sérkennslu er vel tekið.

Reglulega yfir veturinn eru fundir með teymi frá þjónustumiðstöð þar sem farið er almennt yfir stöðuna í leikskólanum. Á þessum fundum geta deildarstjórar komið og rætt áhyggjur sínar og fengið ráðgjöf. Einnig kom fram að sérkennslustjóri getur alltaf haft samband við Miðgarð og fengið ráðgjöf og stuðning varðandi sérkennsluna.

Börn með annað móðurmál en íslensku

Við móttöku og aðlögun nýrra barna með annað móðurmál en íslensku er stuðst við sömu verkferla og í aðlögun nýrra barna, nema notast er við túlkajónustu ef foreldrar tala ekki íslensku. Mikil áhersla er lögð á málrækt í öllu leikskólastarfinu og ef þurfa þykir er unnið sérstaklega með börn með annað móðurmál en íslensku. Námsáætlun barna með annað móðurmál en íslensku miðast við bakgrunn þeirra. Þær eru allt frá því að benda á myndir, upp í að nota app til þýðinga á orðum og setningum ásamt því að vinna markvisst með ákveðna þætti í þroska þeirra. Reynt er að kynna sér heimamenningu barnanna og vinna með ólíka menningarheima. Þegar barn með annað móðurmál en íslensku kemur í leikskólann er starfsfólk upplýst um hvaða tungumál er þeirra móðurmál.⁵⁸ Eins og fyrr segir er notast við túlkajónustu í foreldraviðtölum þegar það á við en í daglegum samskiptum er starfsfólk hugmyndaríkt að finna leiðir svo sem með myndum og þýðingaappi.

56 Rýnivíðtal sérkennslustjóra og rýnihópur deildarstjóra.

57 Rýnivíðtal við sérkennslustjóra og rýnihópur starfsfólks sérkennslu.

58 Starfsáætlun Laufskála 2020.

Styrkleikar

- Sérkennslustjóri er starfandi við leikskólann.
- Aðgengi að sérfræðingum á vegum Reykjavíkurborgar í gegnum þjónustumiðstöð Grafavogs í Miðgarði er gott og samráðsfundir eru haldnir reglulega.
- Vel er staðið að og haldið utan um sérkennslu.
- Allt starfsfólk fær upplýsingar í tengslum við sérkennslubörn.
- Gerðar eru einstaklingsnámskrár fyrir börn sem njóta sérkennslu og skipað er teymi í kringum þau.
- Lögð er áhersla á að stuðningur fari sem mest fram í daglegu starfi og leik.
- Jafnrétti og hlutdeild allra í barnahópnum birtist í starfinu.
- Í starfsáætlun kemur skýrt fram hvernig unnið er með börn af erlendum uppruna.
- Notaðar eru fjölbreyttar leiðir í samskiptum við foreldra sem ekki tala íslensku og er starfsfólk hugmyndaríkt að finna leiðir að samskiptum.
- Unnið er sérstaklega að málörvun barna sem eru með annað móðurmál en íslensku ef þurfa þykir.

Tækifæri til umbóta

- Æskilegt er að skrá skipulag sérkennslu og verkferil sem unnið er eftir ef upp kemur grunur um frávik hjá barni og hafa aðgengilegt á heimasíðu.

Innra mat

Skipulag og viðfangsefni

Í skólanámskrá er fjallað um innra mat. Þar segir að leikskólastjóri hafi forgöngu um innra mat og beri ábyrgð á því ásamt starfandi matsteymi, sem í sitja leikskólastjóri, aðstoðarleikskólastjóri auk eins deildarstjóra. Matsteymi ákveður áherslur í innra mati hverju sinni en allir starfsmenn geta komið með tillögur. Einnig kemur fram að matstæki séu ólík og fari eftir matsþáttum. Í starfsáætlun 2020–2021 er vísir að áætlun um innra mat fyrir komandi starfsár. Í rýnivíðtölum kom fram að matsáætlunin getur tekið breytingum ef fram koma óskir frá starfmönnum um að meta eitthvað annað. Ekki er gerð áætlun um mat til lengri tíma. Ekki kemur fram í skólanámskrá hvernig stefna og markmið leikskólans eru metin og ekki hafa verið skilgreind viðmið um þann árangur sem stefnt er að. Dagskipulag, verk-efni og leiðir eru ekki metnar sérstaklega.⁵⁹

Gagnaöflun og vinnubrögð

Gagnaöflun er með mismunandi hætti og fer það eftir því hvað er verið að meta. Aðallega fer fram samræðumat á deildar- og starfsmannafundum. Matsaðilar fengu ekki að sjá skráðar niðurstöður úr samræðumati. Valdir umbótaþættir eru svo innleiddir í starfið í leikskólanum. Í rýnivíðtölum kom fram að skráning samskipta við börnin þar sem starfsmaður notar skráningarblað til að skrá hvort hann eigi samskipti við öll börn yfir daginn er fastur liður í gæðaeftirliti uppeldis- og kennslustarfsins og er hún liður í innra mati leikskólans.⁶⁰ Samkvæmt vinnureglum Skóla- og frístundasviðs eiga deildarstjórar að gera árlegt deildarmat og umbótaáætlun fyrir sína deild. Í starfsáætlun kemur fram að deildarmat liggur fyrir. Aðkoma barna að innra mati er með þeim hætti að leikskólastjóri tekur þau í viðtöl, þar sem spurt er um um kennslurýmið, garðinn, flæðið og matartíma.⁶¹ Mat á framförum barna er hluti af leikskólastarfinu. Foreldra- og starfsmannkannanir eru gerðar annað hvert ár hjá Skóla- og frístundar-sviði en þær eru takmarkað nýttar í innra mat.

Opinber birting og umbætur

Niðurstöður innra mats eru birtar í starfsáætlun komandi árs og er starfsáætlun aðgengileg á heimasíðu. Niðurstöður eru ekki kynntar helstu hagsmunaaðilum eins og starfsfólki, foreldrum og börnum og í rýnivíðtölum kom fram að umbótum sé ekki fylgt formlega eftir.⁶²

Umbótaáætlun út frá helstu tækifærum til úrbóta, þar sem fram koma aðgerðir, viðmið með markmiðum, tímasetningu og ábyrgðaraðilum er ekki til.

Styrkleikar

- Matsteymi er starfandi.
- Deildarstjórar gera deildarmat fyrir sína deild sem birtist í starfsáætlun.
- Börnin taka þátt í að meta ákveðna þætti í starfinu svo sem kennslurýmið, garðinn, flæðið og matartíma.
- Starfsmanna- og foreldrakannanir eru gerðar reglulega af sveitarfélaginu.

Tækifæri til umbóta

- Allir hagsmunahópar ættu að koma að því að ákveða áherslur og skipulag innra mats og að í matsteymi sé fulltrúi úr hópi starfsmanna og foreldra.
- Gera áætlun um innra mat 3–5 ár fram í tímann, þar sem fram koma hvaða þætti eigi að meta, hvernig þeir tengjast markmiðum skólans, hvernig eigi að meta þá og hvenær, hvaða viðmið liggja til grundvallar og hver beri ábyrgð á matinu.

59 Skólanámskrá Laufskála, Starfsáætlun Laufskála 2020–2021 og rýnivíðtal við leikskólastjóra.

61 Rýnivíðtal leikskólastjóra.

62 Rýnivíðtöl við leikskólastjóra og aðstoðarleikskólastjóra.

60 Rýnivíðtal við aðstoðarleikskólastjóra og deildarstjóra.

- Meta stefnu leikskólans og markmið markvisst og reglubundið og skilgreina viðmið um gæði og árangur.
- Gera nákvæma umbótaáætlun út frá helstu tækifærum til umbóta þar sem m.a. kemur fram til hvaða aðgerða á að grípa og hvenær, hvernig endurmat eigi að fara fram og hver beri ábyrgð á að hrinda umbótum í framkvæmd.
- Brýnt er að umbótum sé fylgt eftir.
- Kynna og ræða niðurstöður innra mats starfsmönnum, foreldrum og börnum.
- Nýta ætti kannanir frá sveitafélaginu markvisst í innra mat.
- Birta greinargerð um innra matið á heimasíðu leikskólans þar sem fram koma upplýsingar um framkvæmd og niðurstöður og greining á styrkleikum og tækifærum til úrbóta.

Samantekt matsþátta

Niðurstöður matsins eru settar fram á myndrænan hátt með lituðum kvarða.

Grænt – Flestir eða allir þættir sterkir. Mjög gott verklag sem samræmist fyllilega lýsingu um gæðastarf.

Ljósgrænt – Fleiri styrkleikar en veikleikar. Gott verklag, flestir þættir í samræmi við lýsingu á gæðastarfi.

Gult – Fleiri veikleikar en styrkleikar. Einhverjir mikilvægir þættir sem þarfnast úrbóta.

Rautt – Mikil umbótaþörf í flestum eða öllum þáttum. Óviðunandi verklag, uppfyllir ekki viðmið um gæðastarf í mörgum mikilvægu þáttum.

Stjórnun	Uppeldis og menntastarf	Leikskólabragur	Foreldrasamstarf	Innra mat
Skólanámskrá, starfsáætlun og verklagsreglur	Skipulag náms og náms-aðstæður	Viðmót og menning	Þátttaka foreldra í leikskólastarfi og upplýsingamiðlun	Skipulag og viðfangsefni
Stjórnandinn sem faglegur leiðtogi	Uppeldi, menntun og starfshættir	Velferð og líðan barna	Viðhorf foreldra	Gagnasöfnun og vinnubrögð
Stjórnun og daglegur rekstur	Leikur og nám, lýðræði, jafnrétti og þátttaka barna	Hlutverk leikskólakennara		Opinber birting og umbætur
Faglegt samstarf	Námssvið leikskólans	Fagmennska starfsfólks		
Leikskólaþróun og símenntun	Leikskóli án aðgreiningar	Starfsánægja		
	Mat á námi og velferð barna			

Samantekt

Í þessari skýrslu eru eftirfarandi þættir metnir í starfi Leikskólans að Laufskálum: leikskólinn og umhverfi hans, stjórnun, uppeldis- og menntastarf, mat á námi og velferð barna, skólabragur og samskipti, velferð og líðan barna, foreldrasamvinna og ytri tengsl, skóli án aðgreiningar, innra mat. Áhersla úttektarinnar fólst í að leggja mat á hvort starfsemi leikskólans væri í samræmi við ákvæði laga og reglugerða og aðalnámskrá leikskóla.

Í lok hvers kafla hefur verið gerð grein fyrir styrkleikum leikskólans og hvar tækifæri liggja til úrbóta. Hér á eftir er heildarmat sett fram á sama hátt.

Styrkleikar

- Húsnæðið er rúmgott, snyrtilegt og fallett og vinnuaðstaða barna og starfsfólks er góð.
- Húsnæði er vel skipulagt.
- Stefna leikskólans er skýrt sett fram í skólanámskrá.
- Starfsmenn og foreldrar þekkja stefnu leikskólans.
- Markvisst er unnið samkvæmt stefnu leikskólans og er hún mjög sýnileg í starfinu.
- Leikskólastjóri er faglegur leiðtogi með mikinn faglegan metnað.
- Til fyrirmyndar er hvernig leikskólastjóri tekur á móti nýjum börnum og foreldrum.
- Starfsmannahandbók er aðgengileg á deildum.
- Starfsandi og skólabragur er góður.
- Traust og gagnkvæm virðing er á milli starfsfólks og því líður vel í vinnuni.
- Samstarf og samábyrgð starfsfólks er sýnileg og starfsmannahópurinn samhentur.
- Aðgengi að stjórnendum er gott, svo og samskipti við þá.
- Starfsfólk fær hrós og endurgjöf frá stjórnendum.
- Andrúmsloft er gott og nærvera starfsmanna er þægileg.
- Virðing umhyggja og uppbyggjandi samskipti eru einkennandi milli starfsfólks og barna.
- Allt starfsfólk kemur að skipulagi starfsins og hlustað er á raddir allra. Samstarf og samvinna starfsmanna er sýnileg á vettvangi.
- Vel er unnið með lýðræði, jafnrétti og þátttöku barnanna.
- Til fyrirmyndar er hvernig unnið er með námskrágerð eldri barna á haustin og hvernig hún er sett sjónrænt upp.
- Leikskólinn hefur gert læsisstefnu.
- Unnið er með flesta grunnþætti menntunar og námssvið aðalnámskrár.
- Til er Agastefna Laufskála sem starfsmenn þekkja og sýna þeir sömu viðbrögð við krefjandi hegðun barna.
- Lýðræðisleg þátttaka barnanna birtist í námskrágerð eldri barnanna. Börnin hafa frjálst aðgengi að leikefni og áhrif á hvaða verkefni eru í boði.
- Börnin eru glöð og líður vel í leikskólanum.
- Taupokar eru notaðir undir óhrein föt.
- Foreldrafélag er starfandi og styður vel við leikskólastarfið.

- Til fyrirmyndar er hvernig tekið er á móti nýjum foreldrum og þeim kynnt leikskólstarfið. Til eru bæklingar með hagnýtum upplýsingum fyrir nýja foreldra.
- Viðhorf foreldra til leikskólans eru góð og telja þeir að börnunum líði vel í leikskólanum, eins og sjá má í foreldrakönnun MMS frá september 2020.
- Gott samstarf er við Rimaskóla og leikskólana Lyngheima og Fífuborg og til er skrifleg áætlun um samstarfið.
- Sérkennslustjóri er starfandi við leikskólann.
- Aðgengi að sérfræðingum á vegum Reykjavíkurborgar í gegnum þjónustumiðstöð Grafarvogs í Miðgarði er gott og samráðsfundir eru haldnir reglulega.
- Vel er staðið að og haldið utan um sérkennslu.
- Allt starfsfólk fær upplýsingar í tengslum við sérkennslubörn.
- Gerðar eru einstaklingsnámskrár fyrir börn sem njóta sérkennslu og skipað er teymi í kringum þau.
- Lögð er áhersla á að stuðningur fari sem mest fram í daglegu starfi og leik.
- Jafnrétti og hlutdeild allra í barnahópnum birtist í starfinu.
- Í starfsáætlun kemur skýrt fram hvernig unnið er með börn af erlendum uppruna.
- Notaðar eru fjölbreyttar leiðir í samskiptum við foreldra sem ekki tala íslensku og er starfsfólk hugmyndaþrikt að finna leiðir að samskiptum.
- Unnið er sérstaklega að málörvun barna sem eru með annað móðurmál en íslensku ef þurfa þykir.
- Matsteymi er starfandi.
- Deildarstjórar gera deildarmat fyrir sína deild sem birtist í starfsáætlun.
- Börnin taka þátt í að meta ákveðna þætti í starfinu svo sem kennslurýmið, garðinn, flæðið og matartíma.
- Starfsmanna- og foreldrakannanir eru gerðar reglulega af sveitarfélaginu.

Tækifæri til umbóta

- Leikskólinn uppfyllir ekki ákvæði laga nr. 95/2019 hvað varðar að 2/3 hlutar stöðugilda við kennslu, umönnun og uppeldi barna teljist til stöðugilda kennara og því þarf áfram að leita leiða til að ráða kennara til starfa.
- Leita þarf leiða til að nýta útileiksvæði leikskólans betur.
- Taka þarf upp umræðu um einkunnarorð leikskólans svo allir séu meðvitaðir um þau og gera þau sýnilegri í leikskólanum.
- Kynna þarf menntastefnu Reykjavíkurborgar fyrir starfsfólki og tengja hana við starfið.
- Í skólanámskrá má gera grein fyrir hvernig unnið er með Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna.
- Huga þarf að endurskoðun á skólanámskrá með aðkomu alls leikskólasamfélagsins.
- Skrá þarf verkaskiptingu leikskólastjóra og aðstoðarleikskólastjóra og gera sýnilega.
- Gæta þarf þess að stjórnendafundur fari ekki yfir auglýstan tíma.
- Finna þarf leið til að deildarfundir falli ekki niður.
- Finna þarf leið til að samningsbundnir undirbúningstímar falli ekki niður.

-
- Vinna ætti símenntunaráætlun sem endurspeglar stefnu og þarfir leikskólans og nær til allra starfsmanna.
 - Endurvekja og koma á móttökuáætlun fyrir nýja starfsmenn.
 - Æskilegt er að fram fari umræða um hlutverk starfsmanna í matartímum. Nýta mætti matmálastímann til umræðna, fræðslu og málörvunar.
 - Æskilegt er að fram fari umræða um starfið í listakrök og á grófhreyfisvæði.
 - Gera ætti skapandi myndlistarstarfi og vísindum hærra undir höfði í starfi leikskólans.
 - Gera ritmál sýnilegra í umhverfinu.
 - Leita ætti leiða til að gera mat á námi barna fjölbreyttara, markvissara og samræma það fyrir allan leikskólann. Svo sem hreyfifærnimat, uppeldisfræðilegar skráningar og ferilmöppur.
 - Leita leiða til að foreldrar komi að mati á námi og framförum barna.
 - Áfram ætti að leita leiða til að hvetja foreldra til þátttöku í foreldraráði svo unnt sé að velja fulltrúa með lýðræðislegum hætti.
 - Foreldraráð þarf að setja sér vinnureglur, skrá fundargerðir og hafa þær aðgengilegar svo sem á heimasíðu leikskólans.
 - Huga ætti að því að bæta upplýsingagjöf til foreldra varðandi daglega líðan barna, svo sem um hvíld og matarræði.
 - Gera ætti matseðilinn aðgengilegri foreldrum, svo sem með því að birta hann á heimasíðu leikskólans.
 - Ekki er að finna upplýsingar í skólanámskrá um hvaða upplýsingar fylgi börnum frá leikskóla yfir í grunnskólann.
 - Æskilegt er að hafa hagnýtar upplýsingar um leikskólann á heimasíðu á fleiri tungumálum.
 - Æskilegt er að skrá skipulag sérkennslu og verkferil sem unnið er eftir ef upp kemur grunur um frávik hjá barni og hafa aðgengilegt á heimasíðu.
 - Allir hagsmunahópar ættu að koma að því að ákveða áherslur og skipulag innra mats og að í matsteymi sé fulltrúi úr hópi starfsmann og foreldra.
 - Gera áætlun um innra mat 3-5 ár fram í tímann. Fram þarf að koma hvaða þætti eigi að meta, hvernig þeir tengjast markmiðum skólans, hvernig eigi að meta þá og hvenær, hvaða viðmið liggja til grundvallar og hver beri ábyrgð á matinu.
 - Meta stefnu leikskólans og markmið markvisst og reglubundið og skilgreina viðmið um gæði og árangur.
 - Gera nákvæma umbótaáætlun út frá helstu tækifærum til umbóta þar sem m.a. kemur fram til hvaða aðgerða á að grípa og hvenær, hvernig endurmat eigi að fara fram og hver beri ábyrgð á að hrinda umbótum í framkvæmd.
 - Brýnt er að umbótum sé fylgt eftir.
 - Kynna og ræða niðurstöður innra mats starfsmönnum, foreldrum og börnum.
 - Nýta ætti kannanir frá sveitafélaginu markvisst í innra mat.
 - Birta greinargerð um innra matið á heimasíðu leikskólans þar sem fram koma upplýsingar um framkvæmd og niðurstöður og greining á styrkleikum og tækifærum til úrbóta.

Lokaorð

Ytra mat með vettvangsathugunum, viðtölum og greiningu gagna í Leikskólanum Laufskálum leiðir í ljós að þar fer fram gott og metnaðarfullt leikskólastarf. Mikil sátt er um stefnu leikskólans meðal starfsmanna og foreldra og birtist stefnan vel í starfinu. Skólabragur er góður og einkennist af trausti, gagnkvæmri virðingu og vellíðan í starfi. Á vettvangi mátti greina að jákvæðni er ríkjandi í starfsmannahópnum og andrúmsloft afslappað. Mikill meirihluti foreldra er ánægður með leikskólann, telur að börnunum líði vel í leikskólanum og að aðbúnaður sé góður. Þeir eru ánægðir með stefnu leikskólans og telja honum vel stjórnað. Til fyrirmyndar er hvernig tekið er á móti nýjum foreldrum og þeim kynnt leikskólastarfið og til eru bæklingar með hagnýtum upplýsingum fyrir nýja foreldra. Vinna ætti símenntunaráætlun sem endurspeglar stefnu og þarfir leikskólans og nær til allra starfsmanna. Leita ætti leiða til að gera mat á námi barna fjölbreyttara, markvissara og samræma það fyrir allan leikskólann. Tækifæri felast í því að gera innra mat í leikskólanum markvissara með matsáætlun til 3–5 ára þar sem fram kemur hvað á að meta, hvernig og hver eru viðmiðin um gæðastarf. Þegar mati er lokið þarf að gera nákvæma umbótaáætlun út frá helstu tækifærum til umbóta þar sem m.a. kemur fram til hvaða aðgerða á að grípa og hvenær, hvernig endurmat eigi að fara fram og hver beri ábyrgð á að hrinda umbótum í framkvæmd. Kynna þarf niðurstöður innra mats starfsmönnum, foreldrum og börnum.

Heimildir

Aðalnámskrá leikskóla 2011. Sótt á vef í september 2020

Slóðin er: <http://www.menntamalaraduneyti.is/utgefid-efni/namskrar/adalnamskra-leikskola/>.

Agastefnan Laufskála: <http://www.laufskali.is/leikskolinn/leikskolastarf>

Eineltis- og forvarnarstefna: <http://www.laufskali.is/leikskolinn/leikskolastarf>

Heimasíða Laufskála: <http://www.laufskali.is/>

Skóla- og frístundasvið Reykjavíkurborgar. Menntastefna Reykjavíkur til 2030 *Látum draumana rætast*. Slóðin er: <https://reykjavik.is/menntastefna-til-2030-latum-draumana-raetast>

Leikskóladagatal 2020–2021:

<http://www.laufskali.is/leikskolinn/stefna-og-starfsaaetlun/400-dagatal2020>

Leikskólinn Laufskálar: Jafnréttisáætlun.

Leiklist í Laufskálum: <http://www.laufskali.is/leiklistarleikskoli/leiklistarverkefni>

Leikskólinn Laufskálar: Skólanámskrá sótt á vef í september 2020.

Slóðin er: http://www.laufskali.is/images/N%C3%A1mskr%C3%A1_19.06.pdf

Leikskólinn Laufskáli: Starfsáætlun Laufskála 2020–2021.

Slóðin er: http://www.laufskali.is/images/Starfstlun_2020.pdf

Leikskólinn Laufskálar Starfsmannahandbók.

Læsisstefna Laufskála. <http://www.laufskali.is/>

Lög um leikskóla nr. 90/2008.

Lög um menntun og ráðningu kennara og skólastjórnenda við leikskóla, grunnskóla og framhaldsskóla nr. 95/2019.

Viðtöl:

Símtal við aðstoðarmann skrifstofustjóra leikskólahluta á fagskrifstofu Skóla- og frístundarsviðs Reykjavíkur.

Viðtal við aðstoðarleikskólastjóra.

Viðtal við leikskólastjóra.

Viðtal við rýnihóp barna.

Viðtal við rýnihóp deildarstjóra.

Viðtal við rýnihóp leikskólakennara.

Viðtal við rýnihóp starfsmanna.

Viðtal við sérkennslustjóra.

